



Til Skipulagsráðs

14. desember 2023

One: 2312250

## Tillaga að götuheitum í Vatnsendahvarfi

Meðfylgjandi eru tillögur að götuheitum fyrir tólf nýjar húsagötur í nýju íbúðahvarfi í Vatnsendahvarfi. Aðkoma að hverfinu er eftir núverandi *Kambavegi* og þar sem um er að ræða áframhald af veginum í gegnum hverfið er gert ráð fyrir að nafn hans haldist óbreytt.


Götuheiti á aðliggjandi svæðum enda á -kór og -hvarf. Það er mat umhverfissviðs að best fari á að götuheiti í Vatnsendahvarfi endi á -hvörf þar sem göturnar eru í Vatnsendahvarfi. Vegna stærðar svæðisins og staðsetningar þess milli -hvarfa og -kóra er talið eðlilegast að ending götuheita séu í samræmi við aðliggjandi svæði.

Leitast var við að götuheitin væru í stafrófsröð frá suðri til norðurs (að *Turnahvarfi*) og að upphafsstafir götuheita væru ekki þegar í notkun fyrir götuheiti sem enda á -hvarf í hverfinu.

Eftirfarandi götuheiti eru lögð til:

*Hallahvarf, Háahvarf, Heiðarhvarf, Hlíðarhvarf, Hæðarhvarf, Roðahvarf, Skólahvarf, Skírnishvarf, Skyggishvarf, Skýjahvarf, Sólahvarf og Stöðvarhvarf.*

A Á B D ð E É F G H I Í J K L M N O Ó P R S T U Ú V X Y Ý Þ Æ Ö  
a á b d ð e é f g h i í j k l m n o ó p r s t u ú v x y ý þ æ ö



Mynd 1 – Yfirlit yfir götuheiti og upphafsstafi aðliggjandi gatna í -hvörfum.



Mynd 2 – Tillaga að götuheitum í Vatnsendahvarfi.

Virðingarfyllt,  
f.h. umhverfissviðs

Auður Dagný Kristinsdóttir  
skipulagsfulltrúi